



GRINDAVÍKURBÆR

Alþingi b.t. nefndasviðs

Umsögn um frv. til laga um stuðningslán, 298. mál

Atvinnuteymi Grindavíkurbæjar vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum til Alþingis. Ábendingar lúta annars vegar að efni frumvarpsins og hins vegar að öðrum brýnum löggjafarverkefnum í þágu atvinnulífs í Grindavík.

Almennt

Frumvarp um stuðningslán til rekstraraðila í Grindavíkurbæ vegna jarðhræringa á Reykjaneskaga er eina málið á þingmálaskrá á haustþingi sem snýr að stuðningi við atvinnulíf í Grindavík. Tilfni er til að áréttta að þörf er á frekari stuðningsaðgerðum og einnig framlengingu nokkurra tímabundinna stuðningsaðgerða.

Framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, sem starfar á grundvelli laga nr. 40/2024, hefur m.a. tekið við ábendingum og tillögum frá atvinnuteymi og komið þeim á framfæri með minnisblaði til hlutaðeigandi ráðuneyta ásamt því að funda með ráðherrum og kynna í bæjarráði Grindavíkurbæjar. Tillögur Grindavíkurnefndarinnar eru eftirfarandi, en nánari umfjöllun er um einstaka þætti í minnisblaði nefndarinnar:

- i. launastuðningi verði fram haldið með þeim hætti sem gerð er grein fyrir í þessu minnisblaði og gildi til loka árs 2025;
- ii. lög nr. 15/2024 um tímabundinn rekstrarstuðning verði framlengd til loka árs 2025. Nefndin telur einnig koma til álita að áframhaldandi launastuðningur verði felldur undir lög um rekstrarstuðning en það er útfærsluatríði;
- iii. frestur til að óska eftir kaupum á íbúðarhúsnæði skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 16/2024 verði framlengdur til loka árs 2025;
- iv. iv. lögum um fasteignafélagið Þórkötlum verði breytt í því skyni að heimila félaginu uppkaup á íbúðarhúsnæði sem núverandi löggjöf nær ekki til. Þá verði ákvæðum 7. gr. laganna um undanþágur frá sköttum og gjöldum breytt á þann veg að undanþágan nái ekki til greiðslu fráveitu- og vatnsgjalds;
- v. komið verði á laggirnar sjóði undir sérstakri stjórn, eða Eignarhaldsfélag Suðurnesja sem er í meirihlutaeign ríkisins nýtt reynist það fær kostur, til að annast uppkaup á húsnæði lítilla atvinnufyrirtækja. Settar verði reglur um hvaða viðmið verði lögð til grundvallar, sbr. umfjöllun í þessu minnisblaði;
- vi. komið verði á stuðningslánaúrræði í samræmi við það sem unnið er að í fjármála- og efnahagsráðuneytinu en hugað verði vel að útfærslu og skilmálum, sbr. m.a. ábendingar í þessu minnisblaði;
- vii. fjármála- og efnahagsráðuneytið, í samvinnu við Grindavíkurnefndina, hafi forgöngu um viðræður við fjármála- og váttryggingafyrirtæki um leiðir til að koma til móts við atvinnufyrirtæki í Grindavík og tryggja sanngjarnar leiðir til endur- og nýfjármögnunar lána og endur- og nýtryggingar fastafjármuna vegna þeirra fordæmalausu aðstæðna sem jarðhræringarnar hafa haft í för með sér;
- viii. fjármála- og efnahagsráðuneytið beiti sér fyrir því, í samvinnu við Grindavíkurnefndina og Náttúruhamfaratryggingu Íslands, að uppgjöri bótamála verði hraðað;



GRINDAVÍKURBÆR

- ix. ix. gerðar verði breytingar á ákvæðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, þannig að sérstökum aðstæðum Grindavíkurbæjar vegna tekjufalls og brottflutnings íbúa verði mætt umfram það sem núverandi lög og reglur heimila;
- x. tímabært er að endurskoða undanþáguákvæði laga nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur.

Stjórnarslit og fyrirhugaðar þingkosningar 30. nóvember nk. valda þó verulegri óvissu um framgang þessara tillagna á yfirstandandi þingi. Sú óvissa er augljóslega bagaleg þegar um er að ræða atriði sem geta haft veruleg áhrif á forsendur atvinnulífs og einstaklinga, sem margir eiga um sárt að binda.

Atvinnuteymi hvetur Alþingi til þess að kalla eftir nánari upplýsingum frá ráðuneytum, framkvæmdanefnd og Grindavíkurbæ um mögulegar leiðir til að lágmarka framangreinda óvissu en vísar að öðru leyti til ábendinga í þessari umsögn.

Er stuðningslán úrræði sem gagnast fyrirtækjum í Grindavík?

Þótt stuðningslán geti í einhverjum tilvikum nýst fyrirtækjum í Grindavík þá er það álit atvinnuteymis að úrræðið hafi fremur takmarkað gildi. Það álit er byggt á ítarlegum samtölum við forsvarsmenn fjölda fyrirtækja í Grindavík. Vert er að benda á eftirfarandi atriði því til stuðnings:

- Nokkrar breytingar hafa orðið á fyrirtækjaflóru grindvískra fyrirtækja frá því í nóvember 2023. Nokkur fjöldi fyrirtækja hafa hætt eða flutt alfarið með starfsemi sína annað.
- Fyrirtæki sem eru með rekstur í Grindavík búa við margvíslegt óhagræði. Ekki aðeins hafa tekjur fallið í lengri eða skemmri tíma heldur hefur tilkostnaður við að afla teknanna hækkað og jafnvel umtalsvert. Þessi rekstrarskilyrði leiða af sér taprekstur. Sá taprekstur getur verið svo mikill að rekstur fyrirtækis telst ekki sjálfbær. Eigi þessi fyrirtæki að halda áfram starfsemi í Grindavík þurfa þau aðstoð til að bregðast við lækkun tekna og/eða hækkun kostnaðar. Þannig geti þau orðið sjálfbær á meðan farið er í gegnum erfið rekstrarskilyrði sem leiða af núverandi náttúruhamförum.
- Fyrirtæki sem eru í viðvarandi taprekstri gætu tekið stuðningslán til að fjármagna taprekstur. Með því væri þó ekki verið að aðstoða þau heldur frekar að auka á vanda þeirra. Ef rekstur er ekki sjálfbær verða lán ekki greidd. Það þarf að vera afgangur af rekstri til að greiða af lánum.
- Fjöldmörg fyrirtæki búa við þær aðstæður að eignir þeirra eru í Grindavík en kringumstæður hamla að hægt sé að nota þær til að afla tekna. Það er oft þannig að svo til allt eigið fé viðkomandi rekstrar er bundið í þessum eignum. Það er því ekki mögulegt að fjárfesta annars staðar til að færa starfsemi þessara fyrirtækja frá Grindavík. Stuðningslán geta gagnast þessum fyrirtækjum ef þau geta treyst því að eignir þeirra í Grindavík verði seljanlegar á líftíma stuðningslánsins og þannig hægt að standa undir greiðslu þess. Annars er verið að bæta á vanda þessara fyrirtækja.
- Fyrirtæki gætu mögulega notað stuðningslán til að fjárfesta í arðbærum tækifærum. Slík lán gætu gagnast fyrirtækjum í uppbyggingu og nýsköpun. Við núverandi kringumstæður er þó ósennilegt að farið verði í slíka fjárfestingu og að það fái til þess önnur fjármögnun en stuðningslán með ríkisábyrgð.



GRINDAVÍKURBÆR

Niðurstaða þessa er að það er ólíklegt að stuðningslán séu sú lausn sem best hæfir vanda fyrirtækja með rekstur í Grindavík.

Ábendingar við frumvarp um stuðningslán

Ekki verður með góðu móti séð að tekið hafi verið tillit til ábendinga atvinnuteymis við útfærslu frumvarpsins. Í 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu er engin efnisleg umfjöllun um þær ábendingar. Ekkert samráð var haft við Grindavíkurbæ við samnmingu frumvarpsins.

Megin ábending atvinnuteymis við frumvarpið um stuðningslán er við 9. gr. frv. en þar segir:

Óheimilt er að nýta stuðningslán til að borga af eða endurfjármagna önnur lán.

Ekki verður endilega séð að þörf sé á þessari takmörkun á ráðstöfun stuðningslána og er hún ekki rökstudd sérstaklega í skýringum við 9. gr. frv. **Leggur atvinnuteymi því til að umræddur málsliður falli brott.**

Atvinnuteymi hefur ekki beinar athugasemdir við ákvæði 5. gr. frv. um lánstíma, sem er 5 ár, eða 10. gr. um lánskjör. Tilefni er hins vegar til að benda Alþingi á að fyrirtæki í Grindavík eru mörg hver að upplifa það í fyrsta sinn að viðskiptabankar eru að neita þeim um lánveitingar, á þeim grundvelli að atvinnuhúsnæði í Grindavík sé ekki veðhæft. Jafnframt hafa fyrirtæki fengið þau viðbrögð frá tryggingafélögum að þau tryggi ekki nýjar eignir. Þetta mun með tímanum gera fyrirtækjum ókleift að standa í eðlilegum rekstri í Grindavík.

Mikilvægt er að fjármálafyrirtækin átti sig á að ágætir möguleikar eru til þess að reka ýmsa atvinnustarfsemi í Grindavík, þrátt fyrir tímabundnar hindranir.

Nauðsynlegar lagabreytingar á haustþingi (dagsetningamál)

Eins og Alþingi er kunnugt hafa úrræði í þágu atvinnulífs og íbúa í Grindavík verið með tiltekinn gildistíma í lögum. Nokkur úrræði eru fallin úr gildi og má m.a. nefna launastuðning sem féll úr gildi 31. ágúst sl. Önnur úrræði hafa gildistíma til áramóta þótt eldvirkni á Reykjanesskaga sé ennþá í gangi og vænta megi eldgoss eða kvikuhlaups fyrir lok þessa árs.

Atvinnuteymi telur tilefni til þess að gagnrýna að ekki liggja fyrir skýr stefna um hvaða stuðningsúrræði er þörf á að gildi lengur en út þetta ár. Hér má einkum nefna eftirfarandi lagaákvæði:

a. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 15/2024, með síðari breytingum sbr. lög nr. 65/2024, um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Samkvæmt ákvæðinu tekur rekstrarstuðningur enda frá og með 31. desember.

Í ábendingum atvinnuteymis til framkvæmdanefndar hefur verið bent á að samhliða gildandi rekstrarstuðningi, eða mögulega í stað hans, mætti taka upp breytt stuðningsfyrirkomulag. Í því yrði í auknum mæli horft til þess aukna kostnaðar sem fyrirtæki í Grindavík verða fyrir, m.a. vegna þess að starfsfólk býr í flestum tilvikum utan Grindavíkur og litla þjónustu hefur verið að fá í bænum.

Full ástæða er þó til þess, áður en lengra er haldið með stuðningsaðgerðir, að fara í gegnum skilgreiningu á því hvað telst vera grindvískt fyrirtæki þegar kemur að áframhaldandi stuðningsaðgerðum. Eiga fyrirtæki sem hafa flutt starfsemi sína alfarið annað að eiga rétt til stuðningsaðgerða og þá með hvaða skilyrðum?

Nánari útfærsla á breyttu fyrirkomulagi stuðnings við atvinnulíf þarf væntanlega að bíða fram yfir þingkosningar. Á þessu stigi mælir atvinnuteymi með framlengingu laga nr.



GRINDAVÍKURBÆR

15/2024 til 1. apríl eða eða mögulega lengur. Frekari stuðningsaðgerðir ætti hins vegar að sníða þannig að þær feli í sér hvata fyrir fleiri fyrirtæki til þess að hefja aftur starfsemi í Grindavík.

Þá þarf að vera rúm til stuðnings fyrir ný fyrirtæki sem sjá tækifæri til starfsemi í Grindavík þrátt fyrir óvissu sem leitt getur af áframhaldandi náttúruhamförum. Þá er lykilatriði til þess að atvinnulíf í Grindavík geti dafnað er að stærri fyrirtæki í bænum hafi rekstrargrundvöll enda er það í mörgum tilfellum helsti stuðningur við minni fyrirtæki að eiga við þau samstarf og þróa frekari sérhæfingu, m.a. í fiskiðnaði.

b. 1. gr. laga nr. 74/2024 um Afurðasjóð Grindavíkurbæjar.

Gildissvið tryggingarverndar sjóðsins afmarkast við tíma frá gildistöku laganna 1. júlí til 31. desember 2024. Þessi tími er augljóslega alltof knappur. Þessi tryggingarvernd er sérstaklega mikilvæg á meðan ekki hefur komist skikk á almenna tryggingarvernd rekstraraðila í Grindavík, þ.e. að váttryggingarfélög hafni því að veita nýjar tryggingar, t.d. vegna birgðahalds veitingarstaða sem hyggjast opna rekstur að nýju.

c. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík.

Samkvæmt ákvæðinu geta íbúðaeigendur í síðasta lagi óskað eftir uppkaupum fyrir 31. desember.

Eitthvað er um að íbúðaeigendur telji þennan frest vera of skamman. Einstaklingar sem vilja búa áfram í Grindavík verði þannig knúnir til að selja eign sína til Þórkötlu.

Tilefni er til að áréttu að það er ein af forsendum atvinnulífs í Grindavík á næstu misserum að forsvarsmenn og starfsfólk fyrirtækja verði búsett í Grindavík. Þannig getur aukinn sveigjanleiki varðandi uppkaup Þórkötlu stutt við möguleika atvinnulífs til framtíðar litið.

Á sama hátt er mikilvægt að leigumarkaður í Grindavík verði virkur og kalla fyrirtæki eftir því að Þórkötla teffi ekki lengur gerð leigusamninga um íbúðarhúsnæði í þeim tilvikum sem seljandi hefur ekki áskilið sér forgangsrétt.

Í tengslum við umrædd lög er brynt að minna á að tekjur Grindavíkurbæjar af fasteignagjöldum fallið hratt og eru nú nær engar. Helsta skýring á því er að við setningu laga um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík var Þórkötlu ehf. veitt undanþága frá greiðslu allra fasteignagjalda og lóðarleigu. Vegna jafnræðisreglu er öðrum eigendum fasteigna í bænum ekki gert að greiða fasteignagjöld. Nauðsynlegt er að vekja athygli á að fasteignagjöld samanstanda af fasteignaskatti og ýmsum öðrum fasteignatengdum gjöldum, s.s. vatnsgjaldi og fráveitugjaldi. Eftir sem áður ber bæjarsjóður ábyrgð á að viðhalda og reka veitukerfi bæjarins, þ.m.t. vatnsveitu og fráveitu, og eru miklir hagsmunir í húfi fyrir fasteignaeigendur að þau kerfi séu virk og starfrækt. Vanhöld í því sambandi myndu fljótt leiða til skemmda og eyðileggingar fasteigna og útiloka atvinnustarfsemi og búsetu í Grindavík. Það er því bæði órökrétt og ósanngjarnt að bænum sé gert að standa undir þessum kostnaði án þess að fasteignaeigendur taki þátt í honum. Breyta þarf lögum nr. 16/2024 þannig að undanþága Þórkötlu ehf. frá greiðslu fasteignagjalda nái ekki til vatnsgjalds og fráveitugjalds. Hið sama myndi eiga við ef kemur til kaupa ríkisins á atvinnuhúsnæði.

d. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 94/2023, með síðari breytingum, um sérstakan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavík, sbr. lög nr. 65/2024.



GRINDAVÍKURBÆR

Samkvæmt ákvæðinu fellur stuðningurinn úr gildi frá og með 31. desember 2024. Það getur reynst einstaklingum og fjölskyldum erfitt að standa undir húsaleigu að þeim tíma liðnum en ekki virðist liggja fyrir á þessu stigi hvort úrræðið verði framlengt, annaðhvort óbreytt eða með einhverjum takmörkunum.

e. 7. mgr. laga nr. 114/2023 um breytingu á lögum um almennar íbúðir og lögum um húsnæðismál.

Heimild Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til að veita allt að 30% stofnframlag ríkis og viðbótarframlag gildir til 31. desember 2024. Ákvæðið skal endurskoðað fyrir lok árs 2024.

f. 1.-3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 84/2023 um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 5. gr.

Umrædd ákvæði laganna veita stjórnvöldum heimild til að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir til að verja mikilvæga innviði og aðra almannahagsmuni á Reykjanesskaga. Löggin í heild gilda til 31. desember 2026 en tilgreind ákvæði falla hins vegar úr gildi 1. janúar 2025. Augljós þörf er til þess að framlengja þær heimildir og væri að öllum líkindum skynsamlegast að fella 2. málslíð 1. mgr. 5. gr. úr gildi.

g. Lög nr. 4/2024 um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Með lögunum var Grindavíkurbæ heimilað að fresta, lækka eða fella niður fasteignaskatt á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Grindavík. Jafnframt var Grindavíkurbæ tryggt framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fasteignaskattsjöfnunar og grunnskólakostnaðar. Þar sem um er að ræða skattalagaákvæði væri æskilegt að framlengja gildistíma laganna með ákveðnum breytingum er snúa að jöfnunarsjóðsframlögum.

Sérstakt tillit þyrfti að taka til þess að vegna þess að regluverk jöfnunarsjóðs gerir ekki ráð fyrir skörpum breytingum á íbúafjölda, líkt og orðið hefur í Grindavíkurbæ, mun sveitarfélagið að óbreyttu ekki fá jöfnunarframlag úr sjóðnum á árinu 2025.

Lokaorð

Eins og sjá má eru framangreind stuðningsúrræði vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ af margvíslegum toga. Þau snúa ekki eingöngu að atvinnulífi heldur einnig einstaklingum og fjölskyldum og að fjármálum Grindavíkurbæjar, auk gerð og fjármögnun innviða til varnar náttúruhamförum. Í einhverjum tilvikum á einföld framlenging gildistíma ekki við heldur þarf að kalla eftir nánari útfærslu breytinga. Þetta á m.a. við um ábendingar um lög um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. g-lið.

Atvinnuteymi Grindavíkurbæjar kallar eftir því að niðurstaða um framhald þessara úrræða liggji fyrir í nóvember, samhliða því að fjárlög fyrir árið 2025 og möguleg fjárukalög fyrir árið 2024 hljóti afgreiðslu. Jafnframt þarf að hraða vinnu við möguleg frekari stuðningsúrræði, sem m.a. gætu snúið að mögulegum frekari kaupum ríkisins á íbúðarhúsnæði og mögulegri útfærslu kaupum á atvinnuhúsnæði fyrirtækja sem ekki eiga möguleika á að starfa í Grindavík.

F.h. atvinnuteymis, 23. október 2024

Guðjón Bragason /Skarphéðinn Berg Steinarsson